



Address
by the President of Iceland
Ólafur Ragnar Grímsson
at the opening of Kaupthing Bank Luxembourg
18 April 2000

Distinguished guests

We have gathered here today to celebrate the opening of the first Icelandic bank which is established abroad. It is historically significant and an indication of the Icelandic vision of the future that Luxembourg has been chosen to host this new extension of the modern financial and economic evolution of my country.

Iceland and Luxembourg were uniquely linked through the second half of the 20th century and by the event today we move together towards the 21st century.

In the 1950s and onwards air communication became the most significant means of intergrating Europe and connecting our continent to America and the rest of the world. Then Iceland chose Luxembourg as our main European base and two great airlines, Icelandair and Cargolux, became symbols of our cooperation, our determination to make our two small countries prominent players in the emerging global economy.

At the opening of another century when new technology and the information and financial revolutions are transforming the economic and social structure of the world Iceland has again chosen Luxembourg as our place of entry into the competitive world of global investments and finance.

The opening of the Kaupthing Bank in Luxembourg is a new stage in the evolution of the modern Icelandic economy. It manifests our determination to take full advantage of the opportunities offered by the financial transformation of the world.

It also reflects the potential of small states in the global economy how successful Luxembourg has become as one of the key financial centres of the world. Your achievements have indeed inspired the new generation of Icelandic fund managers and financial officials to attempt for Iceland what you have achieved in Luxembourg.

We are determined to make the best of the experience available here in Luxembourg and we are profoundly grateful for the welcome Kaupthing Bank and its staff have received. It is a good example of the strong relationship between Luxembourg and Iceland and how our two small states in the European family can use our competitive advantage to explore new fields.

Smallness inspires trust and confidence, offers flexibility and openness to new ideas and challenges, allows individuals to use their skills and talents in open and innovative ways, gives a greater sense of community to the relationship between new institutions and old.

The history of Luxembourg and Iceland, and indeed also Switzerland – all three of them great examples of economic and financial success in modern times – demonstrates the competitive advantage of highly developed and sophisticated small states in the global economy of the 21st century.

It is in this spirit that Kaupthing Bank in Luxembourg ætlar að nýta smæð fyrirtækisins og sveigjanleika í þjónustu til að styrkja forskot sitt í samkeppni við stærri fyrirtæki og mun þannig leggja ríka áherslu á smærri markaðssvæðin í Norður Evrópu. The Bank mun veita alhliða þjónustu við eignastýringu, verðbréfamiðlun, lánveitingar og fjármálaráðgjöf og hafa milligöngu um lánveitingar og útgáfu skuldabréfa og veita aðstoð við stofnun og rekstur eignahaldsfélaga.

Staðsetning Kaupthing Bank Luxembourg veitir bankanum aðgang að öllum helstu bankastofnunum í heimi. Slíkur aðgangur er mikilvægur hlekkur í þjónustu við viðskiptavinum og styrkir alhliða markaðssetningu á íslenskum verðbréfum. Á þann hátt getum við Íslendingar öðlast ný tækifæri til að kynna fjármagnsmarkaðinn á Íslandi og hin öfluggu fyrirtæki sem nú setja svip á íslenskt efnahagslíf.

Góður árangur í starfsemi Kaupthings hér í Luxembourg sýnir að þrátt fyrir ungan aldur eiga íslensk fjáramálafyrirtæki ríkulegt erindi á erlenda fjármagnsmarkaði. Fjármálaþjónusta getur því ekki síður en sjávarafurðir og hugbúnaður orðið útflutningsvara okkar Íslendinga á nýrri öld. Með opnun bankans hér í Luxembourg hefur verið lagður

grunnur að aukinni sókn Kaupthings og einnig annarra íslenskra fyrirtækja á erlendan fjármagnsmarkað og við væntum mikils af þessari starfsemi í framtíðinni.

Það er mikilvægur þáttur í þróun íslensks efnahagslífs að íslensk fjármálafyrirtæki geti útvegað íslensku fjármagni verkefni á alþjóða vettvangi um leið og þau finna leiðir fyrir erlent fjármagn til þess að taka þátt í þróun íslensks efnahagslífs. Á þann hátt flyst mikilvæg þekking milli landa okkur öllum til hagsbóta. Æ fleiri íslensk fyrirtæki skilgreina sig nú sem þátttakendur í alþjóðlegri samkeppni og fjölmörg þeirra hafa á undanförunum árum náð glæsilegum árangri.

Umsvif íslenskra fyrirtækja í hugbúnaðariðnaði, upplýsingatækni og erfðarannsóknnum hafa vakið alþjóðlega athygli og fjölmörg af öflugustu fyrirtækjum heims hafa nú þegar gert samstarfssamninga við þessi íslensku fyrirtæki. Reynslan sýnir okkur að nauðsynlegt er að íslensk fjármálaþjónusta fylgi íslenskum fyrirtækjum í þeirri alþjóðavæðingu sem nú setur svip sinn á efnahagslíf okkar og opnun Kaupthing Banki Luxembourg vísar svo sannarlega veginn í þessum efnunum.

Icelandic companies have in recent times entered the financial markets with growing confidence. The stock market in Iceland has grown rapidly over the last ten years and in many ways changed the entire economic performance of the country. To some extent the Icelandic stock market can be classified as an emerging market with the risks and shortcomings of such new opportunities for investors but also as being unusually rich in opportunities and challenges.

Við Íslendingar njótum nú þeirrar blessunar að hæfileikarík kynslóð er að hasla sér völl í viðskiptum, vísindum, menningu og listum. Hún hefur hlotið bæði íslenska og alþjóðlega menntun og er greinilega staðráðin í að vera í senn góðir Íslendingar og sannir heimsborgarar á hæfnisvöllum samkeppninnar sem nú ræður mestu um framfarir í veröldinni.

Í aðlögun okkar Íslendinga að hinu nýja hagkerfi 21. aldar, þeirri umsköpun á efnahagslífi og samfélagsháttum sem æ meir mótar heiminn allan er ferill Kaupthings í senn lærdómsefni og hvatning, sönnun þess að hugvit og hæfni, þekking og þjálfun eru svo sannarlega auðlindir sem við Íslendingar getum nýtt til að skapa okkur einstæða stöðu.

Í raun eru eðlisþættir hins nýja hagkerfis á þann veg að smáum ríkjum eru nú engin takmörk sett. Þær hindranir sem voru áður innbyggðar í hið gamla hagkerfi frumframleiðslunnar, sjávarútvegsins á

Íslandi og landbúnaðarins í Luxembourg, er úr sögunni í hagkerfi hugvits og alþjóðavæðingar, hagkerfi þar sem menntun og hæfileikar geta orðið arðvænlegar uppsprettur tekna og framfara.

The creativity which centuries ago inspired the writing of the Icelandic sagas and the immortal Edda Poems has in modern times given the new generation of Icelanders ability and confidence to influence the global evolution and to transform the Icelandic economy, our society and our culture so we can maintain our excellence in the new century.

This tradition of creativity together with the emphasis on personal excellence embodies the essence of the Icelandic character which combined with the global opportunities of modern times can indeed produce outstanding results in the coming years.

The opening of Kaupthing Bank in Luxembourg, the first Icelandic entry abroad into the competitive world of global banking and finance is a manifestation of this determination and thus a significant step for our small nation.

Ég óska forystusveit og starfsfólki Kaupthings til hamingju með þann sögulega áfanga sem við fögnum hér í dag, áfanga sem er sögulegur ekki aðeins í þróun Kaupthings sjálfs heldur einnig í fjármálasögu Íslendinga.

Ég vona að árangur ykkar verði ungum Íslendingum sönnun þess að það er hægt að vera í senn góður Íslendingur og glæsilegur fulltrúi þess besta sem gerist í veröldinni, að tækifæri Íslendinga í hinu nýja hagkerfi heimsins jafnast á við það besta sem gerist í öðrum löndum, að við getum svo sannarlega sameinað að vera í senn sjálfstæð þjóð og raunverulegir heimsborgarar í hugsun, viðskiptum og framgöngu allri.

Ég færi stjórnvöldum í Luxembourg, fjármálastofnunum og öðrum samstarfsaðilum einlægur þakkir fyrir þær góðu móttökur sem hinn íslenski banki hefur hlotið í Luxembourg og vona að sú starfsemi sem við fögnum hér í dag verði farsælt framlag til samvinnu Luxembourgar og Íslands á nýrri öld.